

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2004, þriðjudaginn 6. júlí 2004, kl. 13.30 kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til **27. fundar** að Óseyri 2, Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi.

1. Valgerður Valdimarsdóttir, Lerkilundi 27, Akureyri, sækir um leyfi til að byggja gestahús úr timbri við sumarhús að Kotungsstöðum, Þingeyjarsveit, samkvæmt teikningum Tómasar Búa Böðvarssonar, dags. 1. júní 2004.
Erindið samþykkt.
2. Jónas Baldursson, Grýtubakka I, leggur inn nýjar teikningar og breyttar af íbúðarhúsi, áður tekið fyrir 20.04.04. Teikningar eru frá H.S.Á. teiknistofu, Akureyri, dags. 23.02. 2004, verk nr. 04-201.
Erindið samþykkt.
3. Gunnhildur Ingólfssdóttir, Jódísarstöðum, Aðaldælahreppi, sækir um leyfi til að byggja sumarhús úr timbri á lögbylínu Geldingsá, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt teikningum frá Opus ehf, dags. 28.05. 2004, verk nr. 020701.
Erindið samþykkt.
4. Bjarni R. Guðmundsson, Ránargötu 17, Akureyri, sækir um leyfi til að flytja aðstöðuhús úr timbri af lóð nr. 2 á Stokkahlöðum í Eyjafjarðarsveit á lóð nr. 4 á lögbylínu Geldingsá, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt teikningu frá H.S.Á. teiknistofu, dags. 05.07. 2004, verk nr. 04-1217.
Byggingarnefnd veitir stöðuleyfi til 5 ára fyrir sitt leyti og vísar á grein nr. 3 í lóðarleigusamningi.
5. Jón H. Þórisson, Gnoðavogi 44, Reykjavík, sækir um leyfi til að byggja sumarhús á lóð nr. 19 á lögbylínu Geldingsá, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt teikningu frá H.S.Á. teiknistofu, dags. 06.07. 2004, verk 04-1210.
Byggingarnefnd frestar afgreiðslu erindisins. Teikningar bárust ekki fyrr en um það leyti sem fundur var að hefjast. Þak og öll hönnun hússins þarfnast nánari skoðunar og vísast til greinar nr. 115 í byggingarreglugerð og í byggingarskilmála af deiliskipulagi svæðisins.
6. Bent Frisbæk, Kristnibraut 6, Reykjavík, sækir um leyfi til að byggja sumarhús úr timbri, á lóð nr. 22 á lögbylínu Geldingsá, Svalbarsstrandarhreppi. Teikningar eru frá H.S.Á. teiknistofu, dags. 05.07. 2004, verk nr. 04-1216.
Erindi frestað. Teikningar bárust ekki fyrr en um það leyti sem fundur var að hefjast. Þak og öll hönnun hússins þarfnast nánari skoðunar og vísast til greinar nr. 115 í byggingarreglugerð og í byggingarskilmála af deiliskipulagi svæðisins.
7. Bent Frisbæk, Kristnibraut 6, Reykjavík, sækir um leyfi til að breyta áður samþykktri teikningu af sumarhúsi úr timbri, á lóð nr. 21 á lögbylínu Geldingsá, Svalbarsstrandarhreppi. Teikningar eru frá H.S.Á. teiknistofu, dags. 05.07. 2004, verk nr. 04-1214.
Erindið samþykkt.
8. Jónatan Tryggvason, Eyrarvegi 18, Akureyri, sækir um leyfi til að setja niður notað sumarhús úr timbri á lögbylínu Litla-Hamri, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt uppdrætti frá Nýju teiknistofunni ehf, dags. 01.07. 2004.
Erindið samþykkt, en vísað til athugasemda um björgunarop frá Slökkvistöð Akureyrar.
9. Eiríkur Helgason, Ytra-Gili, sækir um leyfi til að rífa gamalt íbúðarhús 020101 og hlöðu 060101, á jörðinni Ytra-Gili, Eyjafjarðarsveit.

Erindið samþykkt.

10. Guðmundur Jón Guðmundsson og Guðrún Egilsdóttir, Holtsseli, sækja um leyfi til að breyta notkun fjóshlöðu. Fóðuraðstaða verður fyrir kýr og kálfa, einnig legubásar fyrir geldneyti. Teikningar eru frá Byggingaþjónustu Bændasamtaka Íslands, verk nr. 0853-10. Teiknað af Magnúsi Sigsteinssyni.

Erindið samþykkt.

11. Halldóra Vébjörnsdóttir, Skógarhlíð 25, 601 Akureyri, sækir um leyfi til að byggja við hús, bílskúr og sólstofu úr steinsteypu á lóð nr. 25 Skógarhlíð, Hörgárbyggð, samkvæmt teikningu frá H.S.Á. teiknistofu, verk nr. 97-304.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti, enda liggja fyrir samþykki sveitarstjórnar áður en framkvæmdir hefjast.

12. Jóhanna María Oddsdóttir, Dagverðareyri, Hörgárbyggð, sækir um leyfi til að byggja við íbúðarhús úr timbri, á lögbylínu Dagverðareyri. Uppdrættir eru frá H.S.Á. teiknistofu, dags. 23.06. 2004, verk nr. 03-327.

Erindið samþykkt.

13. Hörgárbyggð óskar umsagnar byggingarnefndar um vínveitingaleyfi fyrir Guðveigu Önnu Eyglóardóttir, Hálsi, Hörgárbyggð. Um er að ræða nýtt leyfi, almennar áfengisveitingar vegna veitingastaðarins Halastjörnu, Hálsi, Hörgárbyggð.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

14. Birgir R. Sigurjónsson, Hrísey, fyrir hönd Kröku ehf, Hrísey, óskar eftir að byggingarnefnd heimili að húseigninni Norðurvegi 7-11, Hrísey, sé skipt í tvær sjálfstæðar eignir samkvæmt framlögðum eignarskiptasamningi og framlögðum teikningum, gerðum af Árna Gunnari Kristjánssyni. Íbúð á efri hæð verði séreign og verslunar- og geymsluhúsnæði á neðri hæð verði séreign.

Erindinu frestað þar sem fyrir liggur samkvæmt samtali við þinglýsingarfulltrúa, að Kraka ehf er ekki þinglýstur eigandi húseignarinnar.

15. Jón Bergur Arason, Þverá, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi til að byggja frístundahús á lögbylínu Þverá, Eyjafjarðarsveit samkvæmt teikningu Arkitekta- og Verkfræðistofu AVH ehf. dags. 27.05.04 og 06.07.04.

Byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við framlagðar teikningar en endanlegri afgreiðslu frestað þangað til skipulagsfresti er lokið.

16. Samúel Jóhannesson, Oddeyrargötu 26, Akureyri, sækir um leyfi til að byggja einbýlishús á tveim hæðum úr timbri og steinsteypu á lögbylínu Syðri-Varðgjá, Eyjafjarðarsveit, lóð nr. 1, samkvæmt teikningu frá Opus ehf. dags. 08.06.04, verk nr. 040502.

Erindinu frestað þar til tilskilin gögn liggja fyrir. Einnig stangast þakgerð hússins á við ákvæði í greinargerð með deiliskipulagstillögu vegna íbúðarbyggðar á jörðinni Syðri-Varðgjá, Eyjafjarðarsveit.

17. Borist hefur bréf frá Árna Ólafssyni arkitekt, vegna frestunar og efasemda byggingarnefndar um hönnun aðstöðuhúss á skógræktarlóð í landi Leynings, samanber bókun nr. 13 á 26. fundi byggingarnefndar.

Erindinu frestað þar til fyrir liggja skilmálar Eyjafjarðarsveitar um byggingar á því svæði Leyningshóla sem fellur undir ákvæði um land á náttúruminjaskrá.

18. Fyrir tekið bréf frá Eyjafjarðarsveit, dags 21. apríl 2004.
Efni, deiliskipulagstillögur á bújörðum, beiðni um umsögn byggingarnefndar.

I. Ytri Varðgjá. Greinargerð, byggingarskilmálar.

1. Frágangur lóða.

Fjarlægð trjágróðurs frá lóðarmörkum ekki skilgreind. Kvaðir um hæð á lifandi trjágróðri orka verulega tvímælis, fjarlægð frá lóðarmörkum gæti verið skilyrt.

2. Rafmagn, hitaveita, vatn, frárenslí og fleira.

Í greinargerð með deiliskipulagstillögu skal ávallt vísað í Verklagsreglur Eyjafjarðarsveitar um deiliskipulag á vegum einkaaðila, eftir því sem við á.

3. Byggingarreitur á lóð Ekra II.

Að mati byggingarnefndar óbyggilegur, athugandi að færa reitinn um lengd sína til norðurs. Lóðin alltaf erfiður byggingarstaður.

II. Syðri Varðgjá. Greinargerð, byggingarskilmálar.

1. Þakhalli, skilyrtur tvíhalla, fyrstu uppdrættir af húsi til samþykktar gera ráð fyrir valmaþaki.

2. Frágangur lóða.

Fjarlægð trjágróðurs frá lóðarmörkum ekki skilgreind. Kvaðir um hæð á lifandi trjágróðri orka verulega tvímælis, fjarlægð frá lóðarmörkum gæti verið skilyrt.

3. Rafmagn, hitaveita, vatn, frárenslí og fleira.

Í greinargerð með deiliskipulagstillögu skal ávallt vísað í Verklagsreglur Eyjafjarðarsveitar um deiliskipulag á vegum einkaaðila.

III. Þverá. Greinargerð, byggingarskilmálar.

1. Eignarhald á sömu hendi, veikleiki í texta, getur ekki verið rökstuðningur fyrir legu húsa, þar sem ekki er ákvæði um að hús skipti ekki um eigendur.

2. Rafmagn, hitaveita, vatn, frárenslí og fleira.

Í greinargerð með deiliskipulagstillögu skal ávallt vísað í Verklagsreglur Eyjafjarðarsveitar um deiliskipulag á vegum einkaaðila, eftir því sem við á.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.00

Hreiðar Hreiðarsson	Klængur Stefánsson
Kristján Kjartansson	Jónas Baldursson
Bragi Pálsson	Jósavin Gunnarsson